



## Knattspyrnudeild FH

Valdimar Svavarsson, formaður

Elsa Hrönn Reynisdóttir, framkvæmdastjóri

Davíð Þór Viðarsson, yfirmaður knattspyrnumála

Reykjavík, 11. september 2024

### Úrskurður: Atvik í leik FH og Stjörnunnar í Bestu deild karla 1. september 2024

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ þann 10. september, var tekið fyrir erindi sem málskotsnefnd KSÍ vísaði til nefndarinnar með vísan til 6. greinar reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Erindið varðaði atvik er átti sér stað í leik FH og Stjörnunnar í Bestu deild karla þann 1. september 2024. Erindið barst nefndinni þann 3. september sl. og var þá ákveðið að gefa hlutaðeigandi aðilum kost á að skila skriflegri greinargerð um málið fyrir kl. 12:00 þriðjudaginn 10. september.

Í samræmi við ákvæði 6.2. og 6.3. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál úrskurðar nefndin m.a. um önnur mál sem málskotsnefnd KSÍ eða aðrir, sem til þess hafa heimild, beina til nefndarinnar eða nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna knattspyrnuleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Nefndin getur úrskurðað um alvarleg agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við. Fyrir aga- og úrskurðarnefnd liggur staðfesting frá dómara á leik FH og Stjörnunnar þann 1. september 2024, á því að atvik það sem lýst er í greinargerð málskotsnefndar KSÍ hafi hvorki hann né dómarateymi leiksins séð. Ef um hefði verið að ræða atvik sem dómari hefði áður lagt mat á og tekið ákvörðun um inn á velli, þá skal tekið fram að það atvik hefði ekki getað sætt endurskoðun aga- og úrskurðarnefndar á grundvelli greinar 6.3.

Á fundi aga- og úrskurðarnefndar 10. september lá fyrir skrifleg greinargerð frá FH. Það er mat nefndarinnar, samkvæmt fyrirliggjandi gögnum, að atvik það sem vitnað er til í greinargerð málskotsnefndar KSÍ frá 3. september sl. og jafnframt birtist á myndskaiði sem fylgir með greinargerðinni, uppfylli ekki áskilnað ákvæðis 6.3 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál um alvarlegt agabrot. Forsenda þess að nefndin geti úrskurðað um viðurlög á grundvelli greinar 6.3 er að meint brot uppfylli áskilnað ákvæðisins að um hafi verið að ræða alvarlegt agabrot sem dómari og aðstoðarmenn hans sáu ekki í leik og brugðust því ekki við. Hefur aga- og úrskurðarnefnd því ákveðið að Böðvar Böðvarsson, leikmaður FH, skuli ekki sæta viðurlögum samkvæmt 13. gr. sömu reglugerðar.

Virðingarfyllst,

f.h. Aga- og úrskurðarnefndar KSÍ,

Haukur Hinriksson